

**Greinargerð um 5. fund undirnefndar um innleiðingu alþjóðasamþykktá IMO
(III sub-Committee)
sem var haldinn dagana 24. til 28. september 2018**

Undirnefnd III, sem heyrir undir siglingaöryggisnefnd (MSC), hélt 5. fund sinn dagana 24. - 28. september 2018 í aðalstöðvum IMO í Lundúnum. Fyrir hönd Íslands sátu fundinn Sverrir Konráðsson fagstjóri í siglingum og þýðingum hjá Samgöngustofu og Einar Jóhannes Einarsson fagstjóri hafnarríkiseftirlits. Fjöldi aðildarríkja IMO, frjálsra félagasamtaka og áheyrnarfulltrúa sat fundinn. Hér er stiklað á stóru um efni fundarins og niðurstöður hans.

Greining á samantektarskýrslum IMSAS-úttekta þar sem bent er á atriði sem bæta má úr Lögboðnar úttektir á siglingamálum allra aðildarríkja Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) hófust 1. janúar 2016 með það að markmiði að meta að hvaða marki ríkin fullnægja skyldum sínum samkvæmt tilteknum samþykktum IMO sem þau eru aðilar að.

Eftirtaldir lögbundnir IMO-gerningar falla undir áætlunina:

- *alþjóðasamþykkt um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS 1974 og bókunin við hana frá 1988),*
- *alþjóðasamþykkt um varnir gegn mengun frá skipum (MARPOL),*
- *alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna (STCW 1978),*
- *alþjóðasamþykkt um hleðslumerki skipa (LL 66 og bókunin við hana frá 1988),*
- *alþjóðasamþykkt um skipamælingar (Tonnage 1969), og*
- *reglur um að koma í veg fyrir árekstra á sjó (COLREG 1972)*

Áætluninni um úttekt aðildarríkja IMO er ætlað að sjá aðildarríki sem undirgengst úttekt fyrir víðtæku og hlutlægu mati á hversu vel það beitir og innleiðir þá lögboðnu IMO-gerninga sem áætlunin tekur til og ríkið er aðili að. Áætluninni er einnig ætlað að skilgreina atriði sem hægt er að ráða bót á svo IMO geti veitt beinskeyttari tækniaðstoð gagnvart þeim ríkjum sem á henni þurfa að halda.

Greining á úttektum á aðildarríkja IMO hefur leitt í ljós að helstu atriði sem hægt væri að ráða bót á tengdust framkvæmd, löggjöf, fullnustu og framsali valds.

Undirnefndin rýndi samantektarskýrslu um niðurstöður úttekta (e. Consolidated Audit Summary Reports CASR) sem fela í sér lærdóm sem draga má af 18 úttektum frá árinu 2016.

Flestir ágallar á sviði framkvæmdar skuldbindinga (fánaríki, strandríki og hafnarríki) tengjast:

- skorti á framkvæmd heildarstefnu um setningu landslaga og gerð leiðbeininga,
- skorti á útvistun ábyrgðarverkefna
- skorti á leiðbeiningum um kröfur sem eru uppfylltar með fullnægjandi hætti að mati stjórnvalda,
- skorti á stjórnsýslufyrirmælum/túlkun á landsreglum, og
- skorti á stjórnsýslufyrirkomulagi við framkvæmd STCW 1978.

Með tilliti til þátta sem tengjast fyrstu viðbrögðum/löggjöf benda frávik sem tilkynnt eru til þess að í mörgum tilfellum skorti á að nægilegur fjöldi starfsfólks sé til staðar til að aðstoða við birtingu laga og hrinda í framkvæmd skyldum sem eru á hendi ríkisins.

Frávikin sem tilgreind eru um fullnustuaðgerðir felast aðallega í eftirfarandi:

- frávikum á sviði fullnusturáðstafana til að tryggja að farið sé að alþjóðlegum reglum og viðmiðunum í því skyni að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar,
- frávikum sökum skorts á hæfu starfsfólki og þjálfun þess og verklagsreglum um hafnarríkiseftirlit (PSC).

Að því er varðar heildarstefnu um siglingamál virðast ríkjum skorta aðferðafræði til að fylgjast með og meta hvort sú stefna sem sett hefur verið tryggi skilvirka framkvæmd og fullnustu þeirra alþjóðasamþykktá sem um ræðir. Í mörgum tilvikum var ekki fyrir hendi stefna og ef hún var fyrir hendi skorti aðferðir við stöðuga endurskoðun hennar til að byggja upp, viðhalda og bæta heildarskipulag og getu ríkisins sem fánaríkis, hafnarríkis og strandríkis.

Að því er varðar starfsemi sem tengist framsal valds sýndu úttektirnar að algengasti vandinn sem ríkin stóðu frammi fyrir var skortur á áætlunum um eftirlit með viðurkenndum stofnunum þeirra í samræmi við ákvæði alþjóðakóðans um innleiðingu alþjóðasamþykktá IMO (III-kóðans).

Fjórar helstu orsakir frávíka eru:

- löggjöf: skortur á ákvæðum í landslögum, bolmagni til að kynna og birta fyrirmæli/landslög og breytingar á þeim, löggjafarferli og ábyrgð aðila sem ekki er úthlutað,
- stefna og verklagsreglur: skortur á stefnu, einurð, skriflegum verklagsreglum, ferlum og skortur á sérhæfðum einingum,
- stjórnun: skortur á stjórnunarkerfi, skýrum boðleiðum, samræmingu milli aðila, eftirfylgni úrbótaáðgerða/tilmæla, starfslýsingum, árvekni/skilningi/túlkun, mannauði, fjármagni, og
- framkvæmd: skortur á tæknilegum fyrirmælum/leiðbeiningum, skrám/gagnagrunnum, þjálfunaráætlunum og tæknigetu.

Undirnefndin beindi niðurstöðum skýrslugerðarinnar til ráðs IMO (Council). Ferli til að veita endurgjöf frá úttektum til frekari þróunar tækniástoðar og tiltekinna sviða sem gætu þurft á tæknilegri ástoð halda var sett á laggir og beint til tæknisamvinnunefndar (e. Technical Cooperation Committee) til umfjöllunar. Undirnefndin lagði drög að aðferðafræði við greiningu á samantektarskýrslum um niðurstöður úttekta til að meta skilvirkni og áreiðanleika IMO-reglna sem innlegg í reglugerðaferli stofnunarinnar.

Niðurstaða greiningarinnar verður send til siglingaöryggisnefndar (MSC) og mengunarvarnarnefnd sjávar (MEPC) til umfjöllunar. Í þessu felast drög að leiðbeiningum um miðlun upplýsinga af hálfu aðildarríkjanna, sem lögð er fram á næsta allsherjarþingi (A 31) með það fyrir augum að það verði samþykkt sem þingsályktun.

Nefndirnar eru hvattar til að samþykkja að sértækar kröfur viðkomandi IMO-gerninga, sem eru tilgreindir, verði endurskoðaðar með tilliti til skilvirkni og áreiðanleika í framkvæmd og að nauðsyn þess að túlkun kröfum lögboðinna IMO-gerninga ætti að vera hluti af ferli til að meta skilvirkni og hæfi löggjafar IMO.

Fyrirmynd af samningi um heimild viðurkenndra stofnana samþykkt

Undirnefndin lauk gerð fyrirmyndar af samningi um heimild viðurkenndra stofnana sem starfa

fyrir hönd stjórnvalds og verður gefin út sem dreifibréf MSC-MEPC.5 að fengnu samþykki MSC- og MEPC-nefndar.

III kóðinn og kóðinn um viðurkenndar stofnanir (RO Code) krefst þess að formlegur skriflegur samningur sé gerður milli stjórnvalds og viðurkenndra stofnana. Leiðbeiningar sem koma fram í fyrirmyndinni að samningnum, þ.m.t. í viðauka, uppfylla lágmarkskröfur um formlegan skriflegan samning, eins og fram kemur í báðum kóðum.

Samkvæmt ákvörðun stjórnvaldsins má bæta við samninginn viðbótaratriðum og/eða nánari útskýringum. Ríkisstjórnir aðildarríkjanna er boðið að nota fyrirmyndina að samningnum þegar gerður er formlegur samningur við stofnanir sem framkvæma skoðanir og gefa út skírteini fyrir þeirra hönd.

Mikilvægi fullnægjandi aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi frá skipum

Mikilvægur liður í því að skip geti uppfyllt losunarkröfur MARPOL er að gott aðgengi þeirra að fullnægjandi móttökustöðvum úrgangs í höfnum. Undirnefndin benti á mikilvægi fullnægjandi móttökustöðva í höfnum til að bregðast við plastúrgangi frá skipum.

Samantekt upplýsinga um tilvik þar sem tilkynnt er um meintar ófullnægjandi móttökustöðvar í höfnum var kynnt fyrir undirnefndinni árið 2017. Á árinu 2017 var tilkynnt um 75 tilfelli meintra ófullnægjandi móttökustöðva í höfnum (fimm fleiri en árið 2016) samkvæmt upplýsingum frá átta fánaríkjum og samstarfsaðilum og frá einu yfirráðasvæði Bretlands. Skrifstofa IMO var beðin um að fjalla um leiðir til að takast á við lítil viðbrögð hafnaríkjanna við tilkynningum um meint ónóga aðstöðu í höfnum.

Í skýrslunum var fjallað um 244 úrgangsflokka í 36 mismunandi löndum eða svæðum og 212 (yfir 85%) í tengslum við úrgangsflokka samkvæmt V. viðauka MARPOL, einkum "plast", "heimilisúrgang" og "rekstrarúrgang" til að undirstrika að unnt sé að gera meira til að koma í veg fyrir að plastúrgangur frá skipum berist í lífríki sjávar.

Skrifstofu IMO var falið að senda skýrsluna til MEPC til umfjöllunar í tengslum við losun plastúrgangs í sjó frá skipum. Samþætt áætlun IMO um tækniforskriftir (ITCP) styður uppbyggingu fullnægjandi móttökustöðva í þróunarlöndum. Aðildarríkjunum var bent á að leggja fram sérstakar óskir um slíka aðstoð hjá IMO. Í mars 2018 gaf IMO út endurskoðaðar *Leiðbeiningar fyrir veitendur og notendur þjónustu móttökustöðva í höfnum* (MEPC.1/Circ.834/Rev.1).

Ólöglegar og ótilkynntar veiðar sem lúta ekki stjórn (IUU Fishing) - dagskrá samþykkt fyrir sameiginlegan vinnuhópsfund

Undirnefndin samþykkti drög að bráðabirgðaáætlun fyrir næsta fund sérstaks vinnuhóps IMO og FAO um ólöglegar, ótilkynntar veiðar sem lúta ekki stjórn (JWG 4) til skoðunar hjá MEPC 74 og MSC 101 og til samþykktar. Gert er ráð fyrir að fundurinn verði haldinn árið 2019 eða 2020.

Nefndin fékk upplýsingar um framgang nokkra tillagna sem komu fram á síðasta fundi sameiginlega vinnuhópsins. IMO og aðrir samstarfsaðilar hafa unnið að því á alþjóðavettvangi að hvetja til fullgildingar og framkvæmdar á *Höfðaborgarsamningsins (Cape Town Agreement)* um öryggi fiskiskipa.

Mál sem vinnuhópurinn er með á dagskrá:

- gerð skilvirks vegvísis í þessu sambandi,

- auðkenni fiskiskipa og notkun IMO-skírteinisnúmerakerfisins,
- samræmd framkvæmd skipaskoðunarkerfa,
- samstarf milli skrifstofu IMO, FAO og ILO, einkum um sameiginlegar áætlanir um þjálfun og uppbyggingu þekkingar og miðlun gagna, og
- siglingaáætla og umhverfismál.

Undirnefndin bauð upp á að tillögur um málið yrðu lagðar fram á III 6 um hvernig unnt væri að innleiða valfrjálsar leiðbeiningar FAO um frammistöðu fánaríkja (VGFSP) á áhrifaríkan hátt í tengslum við viðeigandi skjöl sem IMO samþykkti. Þetta gæti falið í sér að skilgreina hvaða gerninga og hvar í þeim væri hugsanlega vísað til VGFSP.

Lærdómur sem draga má af sjóslysum

Í kjölfar greiningar á fjölda slysa var yfirlit um þann lærdóm sem sjómenn geta dregið af slysum samþykkt til birtingar en undirnefndin ákvað að í stað framsetningar á lærdómi sem draga má af sjóslysum af hálfu greinenda slysa kæmi slíkt í formi tillagna frá rannsóknarráðgjöf.

Nefndin lagði áherslu á mikilvægi þess að aðildarríkin leggðu fram alhliða slysatölur, þar á meðal um dauðaslys og önnur slys um borð í fiskiskipum.

Hugsanlegt öryggisvandamál - farmgufur í stafnrýmum

Undirnefndin benti á öryggisvandamál sem tengjast farmgufa í stafnrýmum sem vísa ber til MSC til frekari aðgerða, eftir því sem við á, eftir greiningu á eldatvikum um borð í þremur skipum (*Liang Sheng, Royal Diamond 7* og *Border Heather*).

Nefndin samþykkti einnig málsmeðferðina til að greina öryggisvanda og hæfnisviðmiðanir fyrir greinendur slysa.

Uppfærsla verklagsreglna fyrir hafnarríkiseftirlit

Nefndin endurskoðaði tilmæli sjöunda vinnufundar IMO fyrir PSC MoU, skrifstofu og gagnastjóra (PSCWS 7), sem haldinn var í október 2017. Undirnefndin studdi gerð þjálfunarhandbókar fyrir nýja skoðunarmenn fánaríkis og hafnarríkiseftirlitsmenn og að hún yrði uppfærð reglulega til frjálsrar notkunar. Undirnefndin studdi einnig að haldnir yrðu vinnufundir fyrir PSC MoU/skrifstofu og gagnastjóra og að aðgengi fengist að stuðningsverkfæri fyrir hafnarríkiseftirlitsmenn og skýringa á tilgangi söfnunar gagna úr hafnarríkiseftirliti samkvæmt viðeigandi gerningum og fyrirhugaðri notkun. Einnig yrði aðgengi að slíkri samantekt á rafrænu formi.

Undirnefndinni var bent á að í tengslum við starfsemi sem gæti tengst eftirfylgni framangreinds vinnufundar PSCWS 7 með tilliti til samstarfs við Tókýó- og Karíbahafssamkomulagið um hafnarríkiseftirlit. Þetta felur í sér námskeiðið Caribbean Ship Inspector Training (CASIT) við framkvæmd fánaríkis- og hafnarríkiseftirlits. Þetta námskeið var þróað til að undirbúa skipaskoðunarmenn til að starfa hjá siglingamálayfirvöldum í Karíbahafinu. Að loknu námskeiðinu geta nemar framkvæmt fánaríkisskoðun (FSI) á öllum skipum undir 24 metrum að lengd og árlegar og endurnýjunarskoðanir á skipum allt að 500 brúttótonn að stærð.

Undirnefndin fjallaði um mál sem tengjast uppfærslu á verklagsreglum IMO um hafnarríkiseftirlit. Unnið að endurskoðun á leiðbeiningum um hafnarríkiseftirlit frá 2009 samkvæmt endurskoðuðum VI. viðauka MARPOL, *Leiðbeiningar fyrir*

hafnarríkiseftirlitsmenn um ISM kóðann, og Leiðbeiningar fyrir hafnarríkiseftirlitsmenn um atvinnuskírteini sjómanna, mönnun og hvíldartíma.

Uppfærðar reglur um hafnarríkiseftirlit verða teknar saman á næsta fundi og sendar til samþykktar á þingi IMO (A.31) sem verður haldið seint árinu 2019.

Endurskoðun á "skrá, sem er ekki tæmandi, yfir skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamþykktum"

Undirnefndin hélt áfram reglubundnu verkefni sínu við að uppfæra skrá, sem er ekki tæmandi, yfir skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamþykktum (2017) og tengjast *III-kóðanum um innleiðingu alþjóðasamþykta*. Næsta útgáfa skrárinnar 2019 mun innihalda kröfur sem leiðir af öllum breytingum á viðeigandi lögboðnum IMO-gerningum sem hafa eða munu hafa öðlast gildi allt til og með 1. júlí 2020.

Endurskoðun samhafðs kerfis fyrir skoðanir og útgáfu skírteina (HSSC) endurskoðað

Undirnefndin hélt áfram reglubundinni vinnu við endurskoðun og uppfærslu *Leiðbeininga um samhafðs kerfis fyrir skoðanir og útgáfu skírteina (HSSC)* til að samþykktar á næsta IMO-þingi. Næsta útgáfan sem kemur út 2019 mun innihalda kröfurnar sem stafa frá öllum breytingum á viðeigandi lögbundnum IMO-gerningum sem hafa eða munu hafa öðlast gildi 31. desember 2019.

Önnur mál sem tengjast skoðunum

Fjallað var um viðveru skoðunarmanns við prófun, rekstrarprófanir, endurskoðun og viðgerð björgunarbáta, björgunar- og hraðskreiðra björgunarbáta, sjósetningar- og losunarbúnaðar. Fjallað var áfram um samræmi ákvæða um skoðanir í sjó (IWS) um farþegaskip og flutningaskip og vísað til umfjöllunar í undirnefnd SSE og MSC-nefnd. Með tilliti til mismunandi skilgreininga á ómönnuðum prömmum án framdriftsfls (UNSP-prömmum) samkvæmt MARPOL-viðaukum eða samhljóða skilgreiningu fyrir I., IV. og VI. viðauka MARPOL. Að því er varðar undanþágu frá viðeigandi tæknilegum og rekstrarlegum kröfum sem er að finna í I., IV. og VI. viðauka MARPOL fyrir UNSP-pramma samþykkti undirnefndin að fjalla frekar um það mál á næsta fundi.

Undirnefndin fól nefndunum að samþykkja að tilvísanir í ályktanir A.739(18) og/eða A.789(19) í núverandi IMO-gerningum skuli koma í stað tilvísana í RO-kóða og ályktanir A.739(18) og að ályktun A.789(19) yrði felld brott.

Sverrir Konráðsson
Samhæfingarsviði SGS